

## Stjórnarfundur 289

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
26.09.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 289</a>
Fundarritari	Fundartími	
Sif Jóhannesar Ástudóttir	09:00 – 11:57	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hlynur Örn Ásgeirsson Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi	Hilda Jana Gísladóttir	

### Starfsfólk

Eypór Björnsson forstjóri  
Stefán H. Steindórsson sviðsstjóri veitu- og  
tæknisviðs

---

- 1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024**
- 2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar**
- 3. Gjaldskrá hitaveitu - ákvæði varðandi stórnotendur**
- 4. Íslensk Orka ehf. Framtíð félagsins**
- 5. Fallorka ehf. Framtíð félagsins**
- 6. Ábyrgð eigenda á lánum Norðurorku hf.**
- 7. Önnur mál**

## 1. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2024

Sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs kynnti fyrstu drög að fjárfestingaráætlun Norðurorku hf. fyrir næstu ár. Skjalið er í vinnslu og verður lagt fram til samþykktar með drögum að fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfundum.

### Sett fram til kynningar

## 2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar

Forstjóri fór yfir forsendur sem liggja að baki vísitölugrunni Norðurorku, áhrif verðbólgu undanfarinna ára sem og áhrif vanmats Seðlabankans í verðbólguþátt á vísitölugrunninn.

Á liðnum árum hefur verið notuð sú aðferðarfræði varðandi grunn til útreikninga á breytingu á verðskrá komandi árs að annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku. Hins vegar er horft til verðbólguþátt Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár. Þessar vísitölur hafa verið vegnar saman til helminga og gefa þannig vísitölu sem myndar grunn fjárhagsáætlunar næsta árs.

Þessi aðferð hefur gefist vel í stöðugu efnahagsástandi og leitt til ásættanlegra breytinga á gjaldskrá. Hins vegar sýna gögn að á verðbólguþáttum þeim sem verið hafa undanfarin ár er spá Seðlabankans talsvert langt undir því sem síðan raungerðist. Hefur það haft þær afleiðingar að vísitala sú sem Norðurorka notar til grundvallar verðskrárbreytingum leiðir til breytinga sem ekki fylgja verðlagi og munar talsvert miklu. En rétt er að hafa í huga að á síðasta ári ákvað stjórn að verðskrá skuli endurskoðuð ársfjórðungslega og var því ákvæði fyrst beitt á þessu ári þegar gjaldskrá allra veitna var hækkuð um 4,9% 1. ágúst.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði er nú reiknuð 8,6% og verðbólguþátt Seðlabankans fyrir 2024 er 4,6%. Þessar tölur, vegnar saman til helminga eru 6,6% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2024.

### Sett fram til kynningar

## 3. Gjaldskrá hitaveitu - ákvæði varðandi stórnotendur

Í 6. gr. gjaldskrár Norðurorku hf. um heitt vatn segir:

*"Atvinnustarfsemi sem nýtir iðnaðarvatn beint í framleiðsluferla og notkun fer yfir 10.000 m<sup>3</sup> á ári fær 25% afslátt af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Taxtinn gildir í engum tilfellum fyrir húshitun eða kranavatn. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutnings-geta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Vatn til iðnaðarnotkunar ber 24% vsk.*

*Sundlaugar sem opnar eru almenningi njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði. Sundlaugar sem nota meira en 25.000 m<sup>3</sup> á ári njóta 50% afsláttar á notkun umfram 25.000 m<sup>3</sup>. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitu-kerfinu að mati Norðurorku.*

*Íþróttavellir utanhúss í fullri stærð (löglegir keppnisvellir) njóta 25% afsláttar af rúmmetra- og kílóvattstundaverði til upphitunar valla og eru þeir á sérmeili. Skilmálinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Norðurorku. Vatn til notkunar fyrir snjóbræðslu á íþróttavöllum ber 24% vsk."*

Eins og sjá má af ofangreindu ákvæði þá er stórnotendum umbunað fyrir mikla notkun í formi afsláttar. Fyrir liggur að áskoranir varðandi öflun á heitu vatni eru vaxandi. Nýta verður allar mögulegar leiðir til að nýta sem best og af ábyrgð það vatn sem þegar er í kerfum hitaveitunnar.

Það er tilefni til að velta því upp hvort ekki sé rétt að breyta gjaldskrá í þá veru að notendum sé umbunað fyrir "ábyrga notkun" á heitu vatni en taka út hvata til aukinnar notkunar. Leiðir notenda í þá veru kunna t.d. að fela í sér yfirbreiðslur yfir sundlaugar og heita potta og virka, ábyrga stýringu þar sem snjóbræðsla er notuð á útivöllum til íþróttaiðkunar.

***Stjórn felur forstjóra að vinna tillögur um útfærslu á ofangreindu og leggja fyrir stjórn.***

#### **4. Íslensk Orka ehf. Framtíð félagsins**

Norðurorka á 36,26% hlut í félaginu Íslensk Orka ehf. á móti Landsvirkun og Orkuveitu Húsavíkur. Engin starfsemi hefur verið í félaginu sem heldur á jarðhitaréttindum í Öxarfirði. Tvær heitavatnsholur í Öxarfirði eru einu eignir félagsins ásamt samningum við landeigendur um jarðhitaréttindi. Vitað er að holurnar eru vatnsmiklar, alla vega önnur þeirra. Fyrirsjáanlega þarf að leggja í kostnað við viðgerð á annarri holunni til að tryggja öryggi. Ef nýting á jarðhitanum á að eiga sér stað þarf einnig að leggja í umtalsverðan kostnað til að svo geti orðið.

Borist hefur erindi frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir viðræðum við stjórn Íslenskrar Orku um forgang að viðskiptapróun á réttindasvæði félagsins sem felst m.a. í því að greina réttindastöðu samninga og nýtingarmöguleika.

***Stjórn samþykkir erindi Landsvirkjunar.***

#### **5. Fallorka ehf. Framtíð félagsins**

Í vor barst Norðurorku hf. erindi frá Artic Hydro þar sem óskað var eftir formlegum viðræðum um samruna Artic Hydro og Fallorku eða sölu á Fallorku til Artic Hydro. Var erindið tekið fyrir á 287. stjórnarfundum og afgreiðslu málsins frestað. Var framkvæmdastjóra Fallorku falið að gera frumkönnun á valkostum sem mögulegir væru varðandi framtíð félagsins.

Framkvæmdastjóri Fallorku hefur látið af störfum og farinn til starfa hjá Orkusölunni. Sunna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri umhverfis- og loftlagsmála Norðurorku, hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra á meðan ráðið verður í starfið. Eftir að framkvæmdastjóraskipti fóru fram sendi Orkusalan erindi til bæjarstjóra Akureyrarbæjar og óskaði eftir viðræðum um kaup á Fallorku, að hluta til eða öllu leyti. Einnig hefur Artic Hydro ítrekað áhuga sinn sem fram kom í erindi þess.

***Stjórn hafnar hugmyndum um sölu á virkjunum Fallorku. Stjórn felur forstjóra að láta greina fýsileika þess að selja söluhluta starfsemi Fallorku og/eða samruna Fallorku við önnur félög.***

#### **6. Ábyrgð eigenda á lánum Norðurorku hf.**

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 kom fram að Norðurorka hf. muni þurfa að fjármagna sig að hluta til með lántöku á árinu. Í vor hóf Norðurorka samtal við Lánasjóð sveitarfélaga um lánveitingu til félagsins. 27. júní sl. sendi Norðurorka erindi til eigenda fyrirtækisins og óskaði eftir ábyrgð þeirra til tryggingar lánsins í samræmi við skilmála Lánasjóðsins. Svör bárust frá Akureyrarbæ, Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit þar sem þau gengust í ábyrgð fyrir láninu.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tók málið fyrir á fundi 17. ágúst þar sem málinu var frestað og samþykkt að óska eftir fundi með stjórn Norðurorku hf. Í framhaldi af því sendi oddviti sveitarstjórnar

Eyjafjarðarsveitar formanni stjórnar Norðurorku hf. tölvupóst þar sem tilkynnt var um frestun málsins og óskað var eftir fundi með stjórn Norðurorku hf. til að ræða þau mál sem tíunduð eru í póstinum.

Í framhaldinu bárust svör frá Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppi þar sem ábyrgð á láni var samþykkt en með svohljóðandi skilyrði "Skilyrði þessarar samþykktar er að allir eigendur Norðurorku veiti ábyrgðina með þessum hætti."

24. ágúst var haldinn fundur með sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar og sveitarstjóra. Fundinn sátu formaður stjórnar Norðurorku, forstjóri og tveir starfsmenn Norðurorku. Þau atriði sem fram koma í tölvupósti oddvita Eyjafjarðarsveitar voru rædd á fundinum en þau eru í stuttu máli þríþætti. Í fyrsta lagi að ekki hafi fengist samþykki fyrir stækkun hitaveitu austan megin í firðinum. Því erindi var synjað fyrst og fremst á þeim forsendum að ekki er nægt heitt vatn til að ráðast í stækkun. Það liggur fyrir að dreifiveitan þarf á öllu sínu að halda til að mæta stækkandi byggðakjörnum og þéttingu byggðar á starfssvæði Norðurorku, m.a. í Eyjafjarðarsveit. Í öðru lagi er því haldið fram að vanefndir séu á því af hálfu Norðurorku að útvega heitt vatn til svínabús. Því erindi hefur verið svarað með því að eiganda svínabúsins hefur verið boðið upp á valkost, sem felur í sér afhendingu á heitu vatni, sem honum hugnast ekki. Rétt er að halda því til haga að áætlað magn af heitu vatni til svínabúsins, sem Norðurorka tók jákvætt í, hefur rúmlega fimmfaldast frá fyrstu áætlun og það breytir forsendum verulega. Í þriðja lagi vildi Eyjafjarðarsveit ræða það að ekki væri hægt að útvega heitt vatn til nýs hótels við Skógarböðin. Var á það bent að gott samtal er í gangi á milli Norðurorku og aðila sem að væntanlegu hóteli standa um lausn á því máli og engin ástæða til að gera ágreining um það. Fram kom á fundinum að erindi Eyjafjarðarsveitar snéri einnig að ágreiningi um arðgreiðslur til eigenda.

Á fundinum óskaði sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar eftir fundi með bæjarstjórn Akureyrarbæjar. Verður sá fundur haldinn í dag, 26. september.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar tók málið fyrir að nýju á sveitarstjórnarfundi 31. ágúst þar sem ábyrgð á láni Norðurorku hf. var samþykkt.

***Meirihluti stjórnar, Hlynur Jóhannsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson og Þórhallur Jónsson, telja rétt að bjóða Eyjafjarðarsveit það að Norðurorka kaupi hlut þeirra í félaginu ef sveitarfélagið ber ekki traust til félagsins. Sif Jóhannesar Ástudóttir og Hlynur Örn Ásgeirsson taka ekki undir bókunina og telja að réttara væri að taka frekara samtal um málið.***

## 7. Önnur mál

a) Forstjóri fór yfir stöðuna varðandi umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

b) Starfsmaður Norðurorku er varamaður í stjórn Vistorku en aðalmaður Norðurorku í stjórn Vistorku er stjórnarmaður Norðurorku. Sá háttur er hafður á að varamenn sitja alla stjórnarfundi Vistorku. Forstjóri hefur ákveðið að starfsmaður Norðurorku muni ekki sitja stjórnarfundi í Vistorku nema aðalmaður forfallist. Einnig telur forstjóri rétt að skoða það hvort varamaður Norðurorku ætti ekki að koma úr röðum stjórnarfólks, eins og aðalmaður.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:57